



# Hörgársveit

## Fréttabréf

15. desember 2022 | 13. árgangur 11. tölublað

### Gleðileg jól

Sveitarstjórn og starfsmenn Hörgársveitar óska sveitungum sínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða



### Sundlaugin á Þelamörk opnunartími yfir hátíðina



<b>23. desember</b>	17:00-20:00	<b>26. desember</b>	11:00-18:00
<b>24. desember</b>	10:00-12:00	<b>31. desember</b>	10:00-12:00
<b>25. desember</b>	LOKAÐ	<b>1. janúar</b>	LOKAÐ

Óbreyttur opnunartími aðra daga

### Viðburðir:

#### Hátíðarmessa í Möðruvallakirkju

Á aðfangadag, **24. desember**, er kirkjan opin milli 13 og 14. Klukkan 13:30 er stutt bænastund og látinna minnst, hægt verður að tendra á kerti.

Á jóladag, **25. desember**, klukkan 11:00 verður hátíðarmessa í Möðruvallakirkju.

#### Jólasveitaball á Melum

Föstudaginn **30. desember** verður ball á Melum í Hörgárdal, hljómsveit hússins Melirnir spila og Þorbjörg Magnúsdóttir þenur raddböndin ásamt einvalaliði söngvara sem stíga einnig á stökk. Húsið opnar kl. 22:00, miðaverð er 4000 kr.

#### Þrettándabrenna

Ungmennafélagið Smárinn heldur þrettándabrennu föstudaginn **6. janúar** í malarkrúsunum norðan við Laugaland, kveikt verður í brennunni klukkan 19:00.

#### Þorrablót Melum

Laugardaginn **28. janúar** verður haldið þorrablót á Melum.

#### Þorrablót Hörgársveitar

Laugardaginn **4. febrúar** verður haldið þorrablót Hörgársveitar í íþróttahúsinu á Þelamörk, Ívar Helgason verður veislustjóri og hljómsveitin Smóking mætir.

## Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

**Fimmtudaginn 15. desember 2022 kl. 16:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar í Bitrugerði.**

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

### **1. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.12.2022**

Fundargerðin lögð fram og er hún í 8 liðum og þarfnast 6 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

#### **a) Í lið 1, Dalvíkurlína 2**

Kynningartímabili aðalskipulagstillögu vegna Dalvíkurlínu 2 og göngu-, hjóla- og reiðleiða meðfram strengleiðinni lauk 18. nóvember 2022. Fyrir fundinum liggja skipulagsuppdráttur og greinargerð dags. 12. desember 2022 sem uppfærð hafa verið með hliðsjón af endurgjöf sem barst á kynningartímabilinu.

*Sveitarstjórn samþykkti að vísa aðalskipulagstillögunni í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **b) Í lið 2, göngu- og hjólastígur**

Við kynningu aðalskipulagstillögu vegna Dalvíkurlínu 2 voru allir landeigendur á strengleiðinni boðaðir til fundar og rætt við þá um legu hjóla- og gönguleiðar samhliða jarðstrengnum. Í kjölfar þessa samráðs var mótuð tillaga um legu göngu- og hjólaleiðar frá Lónsbakkahverfi að Pelamerkurskóla annars vegar og hins vegar frá gatnamótum Ólafsfjarðarvegar á Moldhaugnahálsi að Hofi og þaðan meðfram Bakkavegi að Hjalteyri.

*Sveitarstjórn samþykkti að ofangreindar göngu- og hjólaleiðir verði færðar inn á aðalskipulagsuppdrátt vegna Dalvíkurlínu 2, og vísar þeim í auglýsingu skv. bókun við 1. dagskrárlið.*

#### **c) Í lið 3, reiðstígar**

Hörgársveit hyggst nýta vinnuslóða sem lagður verður vegna Dalvíkurlínu 2 sem reiðleið á kaflanum frá Ásláksstöðum við sveitarfélagsmörk Akureyrarbæjar meðfram Hlíðarvegi (nr 818) að Hraukbæjarkoti og þar að þjóðvegi 1.

*Sveitarstjórn samþykkti að lega reiðleiðar meðfram Hlíðarvegi skuli löguð að strengleið Dalvíkurlínu 2 á aðalskipulagsuppdraetti vegna Dalvíkurlínu 2, og vísar henni í auglýsingu skv. bókun við 1. dagskrárlið.*

#### **d) Í lið 4, Fossá, efnistaka vegna bakkavarna.**

Fyrir fundinum liggur erindi frá Birni Jóhanni Steinarssyni sem óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að taka 1000 rúmmetra af mól úr farvegi Fossár við þjóðveg 1. Tilfni efnistökkunnar er að svo mjög hefur safnast af mól í farveg árinna á þessum stað að hún flæðir yfir bakka sína. Erindinu fylgir leyfi Fiskistofu vegna efnistökkunnar. Efnistökusvæðið er á svæði 9 samkvæmt aðalskipulagi.

*Sveitarstjórn samþykkti erindið og að framkvæmdaleyfi verði gefið út þegar samþykki allra eigenda jarða á svæði 9 liggur fyrir.*

#### **e) Í lið 6, kvikmyndaverkefni Hjalteyri og Syðri-Bakka**

Lagt fram erindi þar sem óskað er heimildar til kvikmyndatöku á Hjalteyri. Eins er óskað eftir heimild til að koma fyrir tímabundinni leikmynd að Syðri-Bakka.

*Sveitarstjórn samþykkti erindið og er umsóknaraðila gert að hafa samráð við skipulags- og/eða byggingarfulltrúa vegna leyfisskyldra framkvæmda og frágangs í tengslum við verkefnið.*

#### **f) Í lið 8, nafn á þéttbýlinu við Lónsá**

*Sveitarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar um að þéttbýlið við Lónsá fái formlega nafnið „Lónsbakkahverfi“.*

## **2. Fundargerð ungmennaráðs frá 1. fundi**

Fundargerðin lögð fram. Ungmennaráðið beindi því til sveitarstjórnar að hún tæki frístundastyrk til barna og ungmenna í Hörgársveit til endurskoðunar þar sem ungmenni í sveitarfélaginu fá ekki styrk eftir 16 ára aldur en sjálfræðisaldurinn er 18 ára.

*Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til atvinnu- og menningarnefndar sem skoði reglur um aldur þeirra sem hljóta sambærilega styrki í öðrum sveitarfélögum.*

## **3. Fundargerð afgreiðslufundar SBE frá 48. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

## **4. Fundargerð stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga frá 915. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

## **5. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 280. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

## **6. Sýslumaðurinn Norðurlandi eystra, umsögn v. tækifærisleyfa**

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi til skemmtanahalds vegna dansleiks á Melum í Hörgársveit þann 30.12.2022.

*Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd fyrir sitt leyti við að leyfið verði veitt.*

Þá var lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi til skemmtanahalds vegna þorablóts á Melum í Hörgársveit þann 28.01.2023.

*Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd fyrir sitt leyti við að leyfið verði veitt.*

## **7. Lækjarvellir land 2, kaupsamningur/afsal**

Lagður fram samningur vegna kaupa Hörgársveitar á landspildunni Lækjarvellir land 2, landnúmer L235068.

*Sveitarstjórn samþykkti samninginn.*

## **8. Amtmannssetrið á Möðruvöllum ses, aðalfundur**

Aðalfundur Amtmannssetursins á Möðruvöllum ses. hefur verið boðaður.

## **9. Fjárhagsáætlun 2023-2026, síðari umræða**

Fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og veitna fyrir árin 2023-2026 var tekin til síðari umræðu. Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun þessara ára. Þá var lögð fram greinargerð sveitarstjóra varðandi tillögu að fjárhagsáætlun.

*Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana hans fyrir árin 2023-2026.*

*Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að á árinu 2023 verði rekstrartekjur 1059 millj. kr., að heildarrekstrarkostnaður A-hluta verði 1015 millj. kr. og að rekstrarhalli veitna verði 2 millj. kr. Heildar rekstrarafgangur verði því 42 millj. kr.*

*Veltufé frá rekstri verði 112 millj. kr.*

*Áætlað er að til framkvæmda og annarra eignabreytinga á árinu verði varið 320 millj. kr. Þar ber hæst framkvæmdir við viðbyggingu við leikskólann Álfastein, endurbætur við þelamerkurskóla og framkvæmdir við malbikun gatna og frágang gangstétta og opinna svæða í Lónsbakkahverfi.*

*Ný lántaka er áætluð 250 millj. kr. á árinu 2023.*

*Þá er áætlað að handbært fé í árslok 2023 verði 33 millj. kr.*

*Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir að afgangur af rekstri samstæðunnar verði 51 millj. kr., á árinu 2025 verði hann 71 millj. kr. og 67 millj. kr. á árinu 2026.*

## **10. Trúnaðarmál**

*Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 17:50*

## Kæru sveitungar í Hörgársveit

Enn fjölga íbúum í sveitarfélaginu okkar. Íbúar voru 704 í upphafi þessa árs en hefur fjölgað um 70 á árinu eða um 10% sem er með því mesta á landinu á árinu 2022. Íbúðum hefur fjölgað og höfum við fengið marga nýja íbúa í sveitarfélagið okkar sem við tökum fagnandi og bjóðum velkomna. Eftirtektavert er að börn á leik- og grunnskólaaldri eru óvenju hátt hlutfall af íbúafjölda hér miðað við landsmeðaltal. Framtíðin er því björt með allt þetta unga, góða fólk. Fjölbreytileikinn eykst á öllum sviðum og gerir okkur að meira lifandi samfélagi. Sveitarstjórn hefur haft það skýra markmið að fyrir árslok 2025 verði íbúar orðnir yfir 1000. Þær áætlanir sem nú er unnið eftir miða að þessu og hafa gengið vel eftir hingað til og ekki er að sjá annað en að þær muni gera það áfram.

### Framkvæmdaár

Þetta ár og næstu verða mikilvæg framkvæmdaár. Verið er að byggja við leikskólann Álfastein og verður ný ungbarnadeild opnuð þar í apríl n.k. Þelamerkurskóli er að fara í endurnýjun lífdaga varðandi húsnæði ef svo má segja. Á næsta ári verður tekin í notkun tengibygging milli heimavistar og skóla. Með þeirri tengingu er hægt að breyta heimavistar-álmunni í kennsluhúsnæði með allri þeirri fjölbreyttni sem þarf til nútíma kennsluhátta. Stefnt er það því að nýi hluti íbúðahverfisins við Lónsbakka verði á næsta ári kláraður að því marki sem tilheyrir sveitarfélaginu, með malbikun gatna, frágangi gangstétta og opinna svæða. Allt eru þetta nauðsynlegar framkvæmdir og eðlileg þróun út frá mikilli íbúafjölgun. Þetta tekur tímabundið í fjárhagslega og kallar á lántökur. Við munum hinsvegar búa fljótt að því að við höfum fengið fleiri með okkur til að greiða kostnaðinn því tekjur sveitarfélagsins aukast sem eðlilegt er með fjölgun íbúa og fara í fyrsta skipti yfir 1 milljarð á ári á árinu 2023.

### Starfsemin á vegum sveitarfélagsins

Starfsemi sveitarfélagsins er fjölbreytt og víðfeðm og mótast öll að því að veita ykkur íbúunum sem besta þjónustu á sem bestan máta. Það er gert í félagsþjónustu, menntunarmálum, menningarmálum og afþreyingu, umhverfis- og skipulagsmálum og þjónustu allri við búsetu ykkar. Á þessu ári bættist við starf verkefnastjóra upplýsinga- menningar- og atvinnumála. Það starf hefur strax orðið til þess að fjölbreytningin varð meiri m.a. með öflugum og skemmtilegu tómstundastarfi þeirra íbúa sem orðnir eru 60 ára að aldri.

### Fjölbreytt framtíðarverkefni

En verkefni eru mörg. Sveitarfélagið hefur m.a. komið að því að bæta búsetugæði þeirra íbúa sem ekki hafa haft tækifæri til að fá hitaveituvatn inná heimili sín eða til atvinnurekstrar. Bæði hefur sveitarfélagið veitt ríflega ráðgjöf í þessum efnum sem og beina fjárhagsstyrki til þeirra sem hafa tekið þátt í svonefndu varmadæluverkefni. Sveitarstjórn hefur sett sér þá stefnu að koma á göngu- og hjólastíg frá Lónsbakka að Þelamerkurskóla á þessu kjörtímabili. Gott samstarf hefur tekist við Landsnet og Norðurorku um skipulag við þessar framkvæmdir og samnýtingu við streng- og veitulagnir. Til framtíðar er líka horft til þess að tengja saman sveitarfélagið enn frekar með göngu- hjóla- og reiðstígum m.a. með stígagerð út á Hjalteyri og fram dalina. Allt er þetta hugsað til að bæta lífsgæðin í takt við nútímann.

### Nýtt kjörtímabil

Á þessu ári var kosið til sveitarstjórnar. Ný sveitarstjórn mun starfa til vors 2026. Ein breyting varð á skipan sveitarstjórnar, sem er ekki hátt hlutfall miðað það sem gerðist á landinu. Er það kostur því gott er að hafa góða festu í starfinu og of miklar breytingar á sveitarstjórn eru ekki endilega af því góða, þó einhver endurnýjun sé alltaf nauðsynleg. Sem fyrr er sveitarstjórnin samhent og samstíga og hæli ég henni enn og aftur fyrir það. Það er gott fyrir starfsfólk sveitarfélagsins og íbúana að hafa það með þeim hætti.

***Um leið og ég óska ykkur kærur sveitungar gleði og farsældar á jólum, óska ég þess að þið eigið öll farsælt og gott ár framundan.***

*Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri*